



## Brunavarnir Árnassýslu

Árvegi 1  
800 Selfoss  
4-800-900  
894-1845  
ba@babubabu.is

Selfossi 26. september 2012

### Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

- 90.** fundur fulltrúaráðs *Brunavarna Árnassýslu* haldinn að Árvegi 1, Selfossi, (Funa) miðvikudaginn 26. september 2012 kl. 17.00.

**Mætt:**

**Eyþór Arnalds, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Ingibjörg Harðardóttir, Kjartan Lárusson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Ólafur Leifsson, Aðalsteinn Sveinsson, Eggert V. Guðmundsson, Pétur Pétursson, varaslökkviliðsstjóri og Kristján Einarsson, slökkvistjóri sem ritaði fundargerð.**  
(Ólafur Örn Ólafsson,boðaði forföll)

-----  
Formaður setti fund og fór yfir dagskrána.

**1. Sameiningarmál varðandi fyrirhugaða inngöngu Hrunamannahrepps í BÁ**

Kristján og Pétur fóru yfir þá vinnu sem fram hefur farið síðustu vikur varðandi sameiningarmál slökkviliðs Hrunamanna við BÁ. Um er að ræða fundir með fulltrúum sveitarstjórnar og fundur með slökkviliðsmönnum á Flúðum. Fyrir fundinum lágu drög að „Samþykktum BÁ“ m.t.t. Hrunamanna og einnig kostnaðarskipting þar sem lagt er til grundvallar 70%-30% skipting eins og verið hefur.

Fram kom að sveitarstjórn Hrunamannahrepps á eftir að samþykkja inngöngu slökkviliðsins í Brunavarnir Árnassýslu. Fyrirhugaður er fundur með slökkviliðsmönnum þar sem farið verður yfir málið.

Slökkviliðsmenn hafa áður fundað með oddvita og sveitarstjóra hreppsins.

Í kjölfarið verður málið tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar.

Ef af sameiningu verður er það tillaga Hrunamanna að hún muni ganga yfir 1.1.2013.

Eftir umræður á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

**Fulltrúaráð Brunavarna Árnassýslu samþykkir inngöngu Slökkviliðs Hrunamannahrepps í BÁ á grundvelli fyrirliggjandi gagna.**

**Slökkvilið- og sveitarstjórnarmönnum og öðrum íbúum hreppsins eru boðnir velkomnir til samstarfs.**

## **2. Húsnæðismál**

Kristján fór yfir þá vinnu sem lagt var af stað með í upphafi árs þess efnis að BÁ freistaði þess að eignast allt húsnæði Brunavarna Árnassýslu sem slökkviliðið notar í dag.

Nokkrir fundir hafa verið haldnir með fulltrúum eigenda húseignarinnar að Árvegi 1, einnig óformlegir fundir með eigendum annarra eigna sem um ræðir. Kostnaðarmat sem byggja má á hugsanleg kaup liggur fyrir.

**Samþykkt að slökkviliðsstjóri kanni lánamál hjá peninga-stofnunum og máti við rekstur BÁ.**

## **3. Önnur mál**

- a) Starfsmannamál, fært í trúnaðarbók.
- b) Umræður um þjónustu BÁ við dreifbýlið í forni yfirferðar á eldvarnabúnaði heimila. Fundarmenn töldu þessa vinnu mikilvæga m.t.t. heildar brunavarna á svæði BÁ. Kristján og Pétur kynntu áform um að efna til eldvarnamánaðar í hverjum hrepp sýslunnar þar sem íbúar hvers hrepps yrðu upplýstir með afgerandi hætti um brunavarnir, eigið eftirlit og fl. Nánari útfærsla verkefnisins mun liggja fyrir á næstu vikum. Kristján valið að leggja fyrir næsta fund kostnaðarsamning við SPS um þá vinnu sem kaupa þarf.
- c) Umræður urðu um kostnaðarskiptingu sveitarfélaga í Brunavörnum Árnassýslu. Kjartan hóf máls þess efnis að áfram yrði haldið með þá vinnu sem samþykkt var að kanna enn frekar breytingu skiptingarinnar. Umræðan snérist um frekari prósentubreytingar. Kristján greindi frá því að hann hefði leitað eftir útreikningum á skiptingu framlaga hjá HÍ. Kjartan taldi nauðsynlegt að ljúka vinnunni fyrir fjárhagsáætlunargerð.

-----  
Fundi slitið kl. 19.00